



**EMBLUR** Félag MBA kvenna frá Háskólanum í Reykjavík

## ÁRSKÝRSLUR FRÁ AÐALFUNDI

EMBLUR

Félag MBA kvenna frá Háskólanum í Reykjavík

ÁRSKÝRSLUR FRÁ AÐALFUNDI

9. maí 2014

### 1. STJÓRN

Inn í stjórnina komu 5 nýjar konur þær Agnes Vala Bryndal, Hulda Snorradóttir, Iva Rut Viðarsdóttir, Ásdís Guðmundsdóttir og Kolbrún Hrafnkelsdóttir en Emilía Sjöfn Kristinsdóttir og Sigrún Andersen hófu sitt annað stjórnarár. Stjórnin skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt:

- o Formaður: Emilía Sjöfn
- o Gjaldkeri: Hulda
- o Ritari: Kolbrún
- o Vefsíðustjóri: Agnes
- o Yfirviðburðarstjóri: Sigrún
- o Viðburðarstjóri & Hönnuður: Íva
- o Viðburðarstjóri & Ljósmyndari: Ásdís

Agnes Vala Bryndal sagði sig úr stjórninni og Ásdís tók við hennar hlutverki sem vefsíðustjóri.

### 2. DAGSKRÁ

#### SEPTEMBER

- Kynningarfundur í Háskólanum í Reykjavík þar stjórn Embla kynnti starfsemi félagsins fyrir þeim konum sem eru í MBA náminu og buðu þeim að taka þátt í starfinu.
- Kynningarfundur fyrir félagsmenn á Uno þar sem Hrefna gestgjafi og Embla tók brosandir á móti okkur. Dagskrá var kynnt og lagður fram hugmyndakassi þar sem félagar gátu komið með uppástungur af spennandi viðburðum (sjá nánar í kafla 3)

#### NÓVEMBER

- Haldin var sameiginleg ráðstefna með RuMBA og MBA skrifstofunni, sem heppnaðist mjög vel að mati þátttakenda og verður væntanlega fastur viðburður í framtíðinni. Fjöldi erinda bæði frá Alumni félögum MBA námsins og utanaðkomandi fyrirlesurum. Ráðstefnustjóri var Þórey Vilhjálmsdóttir og fjöldi fyrrum MBA nema kom að dagskránni.
- Athyglisverður hádegisfyrirlestur – leiðtogafræðsla með Ann Frost sem bar heitið „Negotiating As Women“

#### DESEMBER

- Frábær jólaganga um miðbæinn, þar sem ríkti ljúf stemmning og gleði undir leiðsögn Jakobs Frímagns Magnússonar. Byrjað var í Hannesarholti með því að fá sér heitt styrkt kakó með rjómalögg og þar byrjaði sagnastundinn sem endaði með kvöldverði á Slippbarnum eftir hressandi göngu.

#### JANÚAR

- Fyrsti fundur leshrings, þar sem bókin Lean in/Stígum fram, eftir Sheryl Sandberg var krufin, afar vel heppnaður viðburður undir vandaðri stjórn Þórdísar Lóu Þórhallsdóttur Emblu og höfundur formála íslensku þýðingarinnar á bókinni. Hugmynd kom fram að skoða möguleika á að stofna nefnd/klúbb sem hefði að markmiði að taka fyrir „bransabækur“. Í



hópnum sem mætti myndaðist einstök stemming.

- Stefnumótunarstarf var í fullum gangi þennan veturinn, send var út könnun varðandi starfið og fundur haldinn til að vinna frekar úr niðurstöðunum í janúar. Í gegnum þetta starf fundum við fyrir miklum áhuga á Emblum og væntumþykju fyrir félaginu. Þetta starf mun vonandi leggja góðan grunn að framtíðaruppbyggingu félagsins. Athygli vakti hvað margar að fyrrverandi stjórnarkonum sóttu fundinn og var innlegg þeirra mjög mikilvægt fyrir vinnuna framundan.

APRÍL

- Stefnumót Embla var haldið undir stjórn Guðrúnar Högnadóttur framkvæmdastjóra Franklin Covey á Íslandi. Meginmarkiðið var að þetta hópinn og styrkja tengslanetið. Mjög góðar undirtektir voru við þessum viðburði og komu Emblur frá þessum viðburði nokkrum vinum ríkari og fullar eldmóðs.

MAÍ

- Embludagurinn þar sem ákveðið var að blanda saman Aðalfundi og Árshátið félgsins. Óskir hafa komið fram um að hafa viðburð þar sem farið er „út úr bænum“ svo ákveðið var að nota tækifærið og halda þennan viðburð í Bláa Lóninu. Tilkynt verður á fundinum hver hefur verið valin Embla ársins.

### 3. HUGMYNDAKASSI

EFTIRFARANDU UPPÁSTUNGUR KOMU FRAM

- MBA ráðstefnur – þátttaka; Haldin var MBA ráðstefna í Nóvember
- RuMBA; Aukið samstarf, konur í stjórn [athugasemd]; Haft var samband við RuMBA og kannaður samstarfsvettvangur. Erindi Embla var vel tekið af RuMBA og haldin var sameinginleg ráðstefna í framhaldinu.
- Fyrirlestrar: Leshópur sem tekur fyrir „bransabækur“, Follow your heart fyrirlestur (Guðný Reimars); Leshópur var haldin og heppnaðist einstaklega vel að mati þátttakenda.
- Ferð út í náttúruna, tengslavettvangur; Embludagurinn í Bláa Lóninu
- Virkja meðlimi til stefnumótunarvinnu [t.d. stofnendur Embla]; Leitað var eftir samstafi við fyrrum stjórnarkonur/stofnendur. Því var vel tekið og voru þær virkar í úrvinnslu og ummræðum á stefnumótunarvinnunni
- Óvissufundur [Kampavínsboð]; Stefnumót Embla var haldið sem tengslaviðburður
- Námskeið: Örnámskeið með Guðrúnu Högna framkvæmdastjóra Franklin Covey ; Haft var samband við Guðrúnu til að koma að tengslaviðburði og hún skipulagði stefnumót Embla í samstarfi við stjórn.

> Fyrirtækjaheimsókn til Embla; Hugmynd sem vert er að athuga frekar.

### 4. STEFNUMÓTUN

Félagið var stofnað fyrir 7 árum síðan og því þótti kjörið tækifæri að taka stefnu félagsins til endurskoðunar og skerpa á áhersluatriðum. Stjórn félagsins ákvað að leita til félagsmanna og sendi út skoðunarkönnun þar sem öllum konum sem útskrifast hafa með MBA gráðu frá Háskólanum í Reykjavík, bæði þeim sem virkar hafa verið í félaginu og þær sem ekki hafa tekið þátt í því, gafst færi á að koma á framfæri skoðunum sínum.

Í viðhorfskönnunninni tóku 126 Emblur þátt sem sýndi að Emblur eru í meginatriðum ánægðar með félagsskapinn og skoraði hæst skemmtanagildi félagsskapsins, að gera sér glaðan dag og stoltið yfir því að vera Embla auk þess sem Emblur eru ánægðar með fyrirlestrana sem hafa veri í boði.

Haldinn var stefnumótunarfundur þar sem niðurstöður voru kynntar og ræddar. Á fundinum ræddu fundarmenn hver ættu að vera helstu áhersluatriði ásamt því að hópavinna fór fram hvað varðar frekari útfærslur.



Niðustaðan var sú að Emblur ættu að leggja meiri áherslu á fræðslu sem styrkja okkur sem leiðtoga og að styrkja tengslanetið milli félagsmanna og var mikil áhersla lögð á gæði umfram magn.

Niðurstöður skoðunarkönnunarinnar og fundarins eru teknar saman í skýrslu sem verður gefin út og gerð aðgengileg fyrir félagsmenn. Vonandi þessi vinna skili sér í markvissari stafi Embla í framhaldinu og verði komandi stjórnnum til halds og trausts í skipulagningu starfsins framundan.

#### 5. LAGABREYTINGARTILLÖGUR

Stjórn félagsins ákvað að leggja fram lagabreytingartillögur sem voru hluti af afrakstri af umfangsmikilli stefnumótunarvinnu sem unnin var í félaginu um veturinn. Tilgangurinn var að skerpa betur á ákveðnum atriðum laganna.

Lagt til eftirfarandi tillaga á 3.gr laganna um hlutverk og markmið félagsins;

Hlutverk félagsins er að auka veg og virðingu MBA kvenna frá Háskólanum í Reykjavík

Markmið félagsins er:

- o Að efla Emblur sem leiðtoga
- o Að efla tengslanet Emblna
- o Að auka fræðslu til Emblna

Aðrar tillögur sem lagðar voru til snéru af formbreytingum aðalfundar, kosningu stjórnar og að formaður félagsins skuli vera kosinn sérstaklega. Þetta snerti eftirfarandi greinar laganna, 4. gr., 5. gr., 8. gr., 9. gr., 10. gr., 11. gr. og 16.gr.

#### 6. ANNAÐ

##### HEIMASÍÐA

Ákveðið var að hefja vinnu við að uppfæra heimasíðu félagsins [www.emblur.is](http://www.emblur.is) og setja inn nýjar fréttir og upplýsingar um félagsmenn og starfsemi félagsins. Vinna við heimasíðu er viðvarandi og veltur að miklu leiti á virkni félagskvenna. Hugsunin var að facebooksíðan væri nokkurs konar innri veita þar sem eingöngu konur útskrifaðar úr MBA í HR hafa aðgang að jafnt þær sem eru í Emblum og hinar, en heimasíðan er opin umheiminum og væri kjörin vettvangur til að hafa upplýsingar um Emblur út á við.

##### LINKEDIN

Einnig var ákveðið að endurvekja LinkedIn hóp félagsins og nú eru um 100 meðlimir skráðir í hópinn. Þar er hægt að nálgast frekari upplýsingar um félagsmenn sem eru á LinkedIn svo sem senda pósta til félaga og skoða starfsferilskrár.

##### JÓLAGJAFIR

Sérstökum velunnurum félagsins sem hafa gefið vinnu sína þágu félagsins var færður lítill þakklætisvottur fyrir óeigingjarnt starf. Að þessu sinni voru það þau Hrafnhildur Hafsteinsdóttir og Kristján Vigfússon af MBA skrifstofunni, Sigrún Ragna Ólafsdóttir skoðunarmaður félagsins og Jakob Frímánn Magnússon fyrir jólagönguna.

##### ÞAKKIR

Stjórn Embla vill nota tækifærið til að þakka öllum þeim sem komu að skipulagningu og framkvæmd atburða í vetur og ekki síst þeim fjölmörgu félagskonum sem tóku þátt í starfinu með okkur og gerðu þennan vetur ógleymanlegan. Við erum stoltar yfir því trausti sem okkur var sýndur og þeim mikla meðbyr sem við finnum í félaginu. Við óskum komandi stjórn velfarnaðar á komandi stjórnarári.

Takk fyrir okkur kæru Emblur!



**EMBLUR** *Félag MBA kvenna frá Háskólanum í Reykjavík*

STJÓRN EMBLNA VETURINN 2013-2014

9. MAÍ 2014

Ásdís Guðmundsdóttir  
Emilía Sjöfn Kristinsdóttir  
Hulda Snorradóttir  
Íva Rut Viðarsdóttir  
Kolbrún Hrafnkelsdóttir  
Sigrún Andersen